

ÞJÓÐARPÚLS GALLUP


Mars 2026

Aðildarviðræður ESB

Meirihluti landsmanna er hlynntur þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald aðildarviðræðna við ESB, eða 57%. Ríflega 30% eru andvíg og 12% hvorki hlynnt né andvíg.


Til stendur að leggja fram þingsályktunartillögu í vor um þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald viðræðna um aðild Islands að Evrópusambandinu.

Hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) ertu þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald aðildarviðræðna við ESB?



Karlar fremur en konur eru andvígir þjóðaratkvæðagreiðslunni. Íbúar höfuðborgarsvæðisins eru frekar hlynntir þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald aðildarviðræðna en íbúar landsbyggðarinnar. Fólk með háskólamenntun er sömu-leiðis frekar hlynnt henni en fólk með minni menntun að baki. Þau sem kysu Viðreisn og Samfylkingu ef kosið yrði til Alþingis í dag eru helst hlynnt þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald aðildarviðræðna og þá þau sem kysu Flokk fólksins. Þau sem kysu Miðflokkinn og Sjálfstæðisflokkinn eru helst andvíg.

Greiningar



* Marktækur munur á milli hópa

Landsmenn skiptast í tvo álíka stóra hópa þegar kemur að því hvernig þeir telja líklegast að þeir myndu greiða atkvæði ef framhald aðildarviðræðna við Evrópusambandið (ESB) yrði borið undir þjóðaratkvæði í dag. Rúmlega **52%** telja að þau myndu kjósa með því að halda þeim áfram. Tæplega **48%** telja að þau myndu kjósa með því að hætta þeim.

Ef framhald aðildarviðræðna við Evrópusambandið (ESB) yrði borið undir þjóðaratkvæði í dag, hvernig telur þú líklegast að þú myndir greiða atkvæði?



■ Örugglega með því að halda þeim áfram ■ Líklega með því að halda þeim áfram ■ Líklega með því að hætta þeim ■ Örugglega með því að hætta þeim

Konur fremur en karlar myndu kjósa með framhaldi aðildarviðræðna við ESB. Íbúar höfuðborgarsvæðisins telja frekar en íbúar landsbyggðarinnar að þeir myndu kjósa með framhaldi aðildarviðræðna og fólk með háskólamenntun fremur en fólk sem lokið hefur minni menntun.

Þau sem kysu Viðreisn og Samfylkingu ef kosið yrði til Alþingis í dag telja helst að þau myndu kjósa með framhaldi aðildarviðræðna fremur en þau sem myndu kjósa stjórnarandstöðuflokkana. Þau sem eru hlynnt þjóðaratkvæðagreiðslunni telja frekar að þau myndu kjósa með framhaldi aðildarviðræðna en nánast öll sem eru andvíg þjóðaratkvæðagreiðslunni myndu kjósa með því að hætta þeim.

Greiningar


Kyn *




Búseta *



Menntun *



Ef kosið yrði til Alþingis í dag, hvaða flokk eða lista myndirðu kjósa/líklegast kjósa? *



Styður þú ríkisstjórnina? *



Hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) ertu þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald aðildarviðræðna við ESB? *



* Marktækur munur á milli hópa

Spurt var:

- Til stendur að leggja fram þingsályktunartillögu í vor um þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald viðræðna um aðild Íslands að Evrópu-sambandinu. Hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) ertu þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald aðildarviðræðna við ESB?
- Ef framhald aðildarviðræðna við Evrópusambandið (ESB) yrði borið undir þjóðaratkvæði í dag, hvernig telur þú líklegast að þú myndir greiða atkvæði?

Niðurstöður sem hér birtast eru úr netkönnun sem Gallup gerði dagana 19. febrúar - 4. mars 2026. Heildarúrtaksstærð var 1.898 og þátttökuhlutfall var 42,7%. Einstaklingar í úrtaki voru handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Gallup.

Notkun á efni Þjóðarpúls Gallup og tilvitnun í það er heimil svo lengi sem heimilda er getið.

Útgefið af: Gallup - Lynghóls 4, 110 Reykjavík. Sími: 540 1200. Netfang: jona.karen.sverrisdottir@gallup.is.

Umsjón með útgáfu: Jóna Karen Sverrisdóttir

Ábyrgðarmaður: Guðni Rafn Gunnarsson © Íslenskar markaðsrannsóknir 1993. © Gallup á Íslandi 2015. Allur réttur áskilinn.